

Nd.

96. Frumvarp til laga

[93. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands. Í lögum þessum telst hver sá maður útlendingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að flytja til landsins eða taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án leyfis félagsmálaráðherra.

Útlendingum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða aðra

kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafli, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt lögum þessum eru eftirfarandi:

1. Að fyrir liggja umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, eða viðkomandi landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum.
2. Að fyrir liggja undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, sem tryggir erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir.
Enn fremur skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttáð sé fæði og húsnæði svo og ákveðið hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.
3. Í ráðningarsamningi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem 5. gr. laga þessara gerir ráð fyrir, áður en skrifað var undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt.
4. Að vottorð viðkomandi yfirvalda liggja fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir erlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn erlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.
5. Heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Heimilt er ráðherra að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða og gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. töluliðar 2. mgr. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fullnægt er skilyrðum þessarar greinar, þar með talið innlent heilbrigðisvottorð.

Atvinnuleyfi er jafnan bundið því skilyrði að útlendingur hafi leyfi til að dveljast hér á landi skv. lögum nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

4. gr.

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um vinnustaðinn, tegund vinnu, aðila kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum.

Í umsókn skal ennfremur færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent starfsfólk í starfið.

Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað og nágrenni hans, en hún skal einnig leita til Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á, um almenna stefnumörkun varðandi innflutning erlends starfsfólks, með tilliti til atvinnuástands í landinu og á ákveðnum landssvæðum.

Leita skal einnig umsagnar útlendingaeftirlitsins áður en atvinnuleyfi er veitt.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands, til opinberra vinnumiðlana erlendis og annarra sem þess óska. Í upplýsingum þessum skal greint frá reglum um dvalarleyfi, almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna og um réttindi og skyldur, sem erlent starfsfólk tekst á hendur við vistráðningu hérlendis. Þá skal ennfremur bent á sérreglu 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt atvinnurekanda til að fella

niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Einnig skal gerð grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með starfskjörum útlendinga héraendis og framkvæmd á ráðningarsamningum þeirra, eftir því sem tilefni gefst til.

6. gr.

Hverskonar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum.

7. gr.

Atvinnuleyfi skv. 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

8. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ef sérstakar ástæður mæla með því, getur félagsmálaráðherra veitt útlendingum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfi sé veitt ákveðnum atvinnurekanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann skv. 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. tekið tillit til:

1. Hve lengi útlendingur hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann á hér lögheimili,
3. hvort hann á íslenskan maka eða nánin skyldmenn hér á landi,
4. hvort hann ætlar sér að vinna samskonar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væri veitt samkv. ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

Atvinnuleyfi skv. þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn. Eftir fimm ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.

9. gr.

Útlendingi er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Leita skal umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Stéttarsambands bænda, B. S. R. B. og B. H. M., eftir því sem við á í slíku máli.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi og hafi átt það síðasta árið,
2. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu,
3. umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slíkt leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

10. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustu-hætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

11. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir,
2. útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. útlendinga, sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenskan ríkisborgararétt,
4. útlendinga, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan,
5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85 9. okt. 1946, taka til,
6. útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að,
7. danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara er dvalið hafa þrjú ár samfleytt eða lengur í landinu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varða þann sektum, er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending, er starfar án leyfis. Sömu refsingu varðar það, ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, sem ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

Pegar umsókn um atvinnuleyfi er afgreidd ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru skv. lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafis.

13. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlendu menn ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað.

14. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 15. mars 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 18. mars 1980 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að kanna gildandi lög og reglur um kjör og aðbúnað farandverkafólks, þar með talið erlent verkafólk, og gera tillögur til úrbóta í þeim efnunum.

Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Ásmundur Stefánsson, þáv. framkvstj. A. S. Í., Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, Jón S. Ólafsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Jósef Kristjánsson, starfsmaður baráttuhóps farandverkafólks, Þorsteinn Pálsson, framkvstj. Vinnuveitendasambands Íslands og Arnmundur Backman, aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Auk þess störfuðu með nefndinni þeir Hjörtur Hermannsson, framkvæmdastjóri og Þórir Daníelsson, framkvæmdastjóri.

Nefnd þessi hóf þegar störf og nálgadist verkefnið frá upphafi með tvennum hætti, annars vegar víðtækri könnun á rétti og aðbúnaði innlendra farandverkamanna með það fyrir augum að semja nýjar reglur þar að lútandi og hins vegar með könnun á stöðu og rétti erlendra verkamanna hér á landi, gildandi ákvæðum samninga og laga á hinum Norðurlöndunum hvað þessu viðvíkur, í þeim tilgangi að endursefja lög um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frumvarp þetta er niðurstaða nefndarstarfs hvað varðar rétt erlendra manna og byggir á endurskoðun gildandi laga nr. 39/1951. Þá var höfð hliðsjón af lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965 og reglugerð um eftirlit með útlendingum nr. 148/1965. Þá var litið til þingsályktunartillögu sem borin var fram á Alþingi á vorþingi árið 1979, en þar ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 39/1951 með það fyrir augum að leidd verði í lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra, sem vilja ráða erlenda menn í þjónustu sína, gagnvart þeim sem ráðnir eru, um launakjör, vinnutíma og aðbúnað við vinnu hér á landi. Ennfremur um skatta og önnur opinber gjöld svo og þær skyldur sem erlendir menn takast á hendur við vistráðningu hérlendis. Ennfremur að tryggð yrðu með lögum félagsleg og kjaraleg réttindi þeirra erlendu manna sem fá atvinnuleyfi hér á landi til jafns við heimamenn, eins og þau eru samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningum á hverjum tíma. Sömuleiðis að skylda þá, sem leita eftir erlendu vinnuafli, til að hafa samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög áður en erlendir starfsmenn eru vistráðnir. Auk þessa kannaði nefndin samþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um málefni farandverkafólks, svo og skýrslu félagsmálaráðuneytisins um 60. alþjóðavinnuálagþingið í Genf árið 1975, sem fjallar að ýmsu leyti um þennan málaflokk. Ýmis önnur gögn voru og skoðuð í þessu sambandi, þ. á m. bæklingar og blöð frá hinum Norðurlöndunum.

Helstu breytingar sem frumvarp þetta felur í sér eru þær að nú er ráð fyrir því gert að skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita útlendingi samkvæmt lögunum séu, auk þess að fyrir liggja umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, að við umsókn liggja fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og viðkomandi starfsmanns, til tiltekins tíma eða verkefnis. Þessi ráðningarsamningur verður að tryggja erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir. Í ráðningarsamningi þessum skulu vera ýmsar upplýsingar sem varða starfskjör útlendinga hér á landi, m. a. um ferðakostnað og heimflutning, ákvæði um húsnæði og hvernig með skuli fara þegar atvinna kann að falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979. Í ráðningarsamningi þeim sem gert er ráð fyrir að liggja fyrir undirskrifaður þegar sótt er um atvinnuleyfi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem nú er lagt til að félagsmálaráðuneytið gefi út og dreifi erlendis, sbr. 5. gr., áður en skrifað var undir samninginn.

Ákvæði frumvarpsins um fyrirbyggjandi ráðningarsamning og dreifingu vinnuálagdeildar félagsmálaráðuneytisins á upplýsingum erlendis er varða öll helstu atriði starfskjara á Íslandi er hvort tveggja nýmæli í lögum þessum, til þess fallin að tryggja betur en nú er að ráðningu erlends starfsfólks fylgi allar tiltækar upplýsingar um aðbúnað og starfskjör á Íslandi, og að aðilar hafi kynnt sér þær til hlítar áður en frá ráðningu er gengið. Ýmis önnur nýmæli laganna eru leidd af þessari kerfisbreytingu og verður þeirra getið í athugasemdum við einstakar greinar.

Þess skal getið, að Þorsteinn Pálsson lagði fram sérálit um texta 3., 4. og 12. gr. frumvarpsins. Sérálitið birtist sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Frumvarp þetta til laga um atvinnuréttindi útlendinga, sem nefndin samdi, var lagt fyrir Alþingi í febrúar 1981 í neðri deild sem vísaði því til félagsmálanefndar deildarinnar að lokinni fyrstu umræðu.

Nefndin tók frumvarpið til umfjöllunar á mörgum fundum og varð sammála um að leggja til að það yrði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hún flutti á sérstöku þingskjali, sbr. nefndarálit, dags. 18. maí 1981.

Með tilliti til breytingartillagna félagsmálanefndar, svo og breytingartillagna er borist hafa frá dómsmálaráðuneytinu, sem rétt hefur þótt að taka til greina að mestu leyti, hefur verið ákveðið að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu og leggja það síðan á ný fyrir Alþingi haustið 1981.

Hér fer á eftir greinargerð nefndarinnar, sem samdi frumvarpið í upphafi, með þeim breytingum sem leiðir af ofanrituðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum er sá maður talinn útlendur, sem ekki er skylt að leyfa landvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum. Hér er lagt til að skilgreining á því hver er útlendingur sé alfarið miðuð við íslenskan ríkisborgararétt.

Um 2. gr.

Óbreytt að efni til.

Um 3. gr.

Í 3. gr. núgildandi laga segir að félagsmálaráðherra hafi heimild til þess að veita atvinnuleyfi að fengnum tillögum verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein og skulu þau veitt vinnuveitendum ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem vegna sérfræðikunnáttu eða þess að atvinnuvegi landsins skorti vinnuafli, sem ekki er fánlegt innanlands. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir samskonar heimild til handa félagsmálaráðherra, en hins vegar með talsvert hertum skilyrðum og nýjum reglum varðandi leyfisveitingar almennt til útlendinga.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, eins og áður, að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein. Ef stéttarfélag er ekki til á staðnum í viðkomandi starfsgrein er hér lagt til það nýmæli að leitað skuli til viðkomandi landssambands um umsögn. Í öðru lagi er gerð til þess krafa að áður en umsókn um atvinnuleyfi er lögð inn hjá félagsmálaráðuneytinu liggi fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, og í honum séu ákvæði þess efnis að erlendum starfsmanni verði tryggð laun og öll önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt viðeigandi tilvísun til þess kjarasamnings sem um þau kjör og starfsgrein gilda.

Þá er gerð til þess krafa að í ráðningarsamningi sé ákvæði um flutning viðkomandi starfsmanns frá Íslandi að starfstíma loknum, og ennfremur um greiðslu á ferðakostnaði og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi skal einnig vera tilgreint hvernig háttáð sé fæði og húsnæði fyrir hinn erlenda starfsmann svo og hvernig skuli með fara ef atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.

Í 3. tl. greinarinnar er gert ráð fyrir að í ráðningarsamningi sé ákvæði þess efnis, að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem vinnuáskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir erlendis, áður en skrifað er undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt. Töluliður þessi tengist ákvæðum 5. gr. frv., en þar er ráð fyrir því gert, að vinnuáála-

skrifstofa félagsmálaráðuneytisins taki nú að sér að útbúa og dreifa skriflegum upplýsingum til íslenskra sendiráða erlendis, opinberra vinnumiðlana og annarra sem þess óska. Upplýsingar þessar skulu vera nokkuð víðtæk heimild um almenn starfskjör á Íslandi, bæði hvað varðar efni kjarasamninga og þau lög sem mestu máli skipta í því sambandi, t. d. aðbúnað, öryggi og hollustuhætti, skatta og opinber gjöld, rétt til yfirfærslu fjármuna o. s. frv.

Með 3. og 5. gr. frv. er því nokkurn veginn tryggt að sá útlendingur sem ráðinn er til atvinnu á Íslandi sé kunnugur öllum starfsskilyrðum og kjaraatriðum hér á landi.

Í 4. t. 3. gr. er gerð til þess krafa að vottorð viðkomandi yfirvalda liggja fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði til ráðstöfunar fyrir erlendan starfsmann ef þannig hagar til að atvinnurekandi leggur til húsnæði. Ákvæði þetta beinist auðvitað fyrst og fremst að svokölluðum verbúðum fyrir farandverkafólk, að tryggt sé með vottorði viðkomandi yfirvalda að þær uppfylli lágmarkskröfur um aðbúnað. Hér er um nýmæli að ræða í lögum.

Í 5. t. er gert ráð fyrir því að skilyrði þess að veita megi atvinnuleyfi vegna útlendings sé að heilbrigðisvottorð viðkomandi liggja fyrir ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en hann kom til landsins. Ráðherra er þó heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Öll atriði 3. gr. eru skilyrði fyrir því að fullnaðaratvinnuleyfi megi veita vegna útlendings hér á landi. Hins vegar er ráð fyrir því gert í greininni að ráðherra sé heimilt að veita svokallað nafnlaust bráðabirgðaatvinnuleyfi. Gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. t. þ. e. um undirskrifaðan ráðningarsamning, um það að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér upplýsingar og heilbrigðisvottorð. Hins vegar er ekki heimilt að veita fullnaðaratvinnuleyfi fyrr en skilyrðum þessum ásamt öðrum skilyrðum greinarinnar er fullnægt.

Þá er í niðurlagi greinarinnar sett það ákvæði að atvinnuleyfi sé jafnan bundið því skilyrði að útlendingur hafi leyfi til að dveljast hér á landi skv. lögum nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Um 4. gr.

4. gr. er nýmæli einnig. Þar er gert ráð fyrir að hin nýstofnaða vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins hafi eftirleidis með veitingu atvinnuleyfa fyrir erlent starfsfólk að gera. Með umsókn þangað um atvinnuleyfi eiga nú að fylgja upplýsingar um vinnustað, tegund vinnu, aðila kjarasamnings þess sem á svæðinu og í starfsgreininni gildir og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Einnig ber að færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent starfsfólk í starfið. Gert er ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins kanni síðan sjálfstætt áður en atvinnuleyfi er veitt, hvert atvinnuástand er á viðkomandi stað og leiti til sambanda aðila vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun í innflutningi erlends starfsfólks með sérstöku tilliti til atvinnuástands í landinu og á ákveðnum landssvæðum.

Samkvæmt gildandi lögum um vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins er það hlutverk hennar að fylgjast náið með atvinnuástandi í landinu og reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi eftir bestu getu. Rétt þótti því að tengja veitingu atvinnuleyfa vegna erlendra starfsmanna þeim upplýsingum og því starfi sem unnið er á skrifstofunni að öðru leyti hvað varðar atvinnuástand í landinu.

Í síðustu mgr. 4. gr. eru sett ákvæði um að leita skuli umsagnar útlendingaeftirlits áður en atvinnuleyfi er veitt.

Um 5. gr.

Sjá hér athugasemdir við 3. gr.

Grein þessi er einnig nýmæli og gerir ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins dreifi á þeim stöðum erlendis, sem ætla má að útlendingar leiti til þess að athuga um ráðningar til landsins, upplýsingabæklingum eða blöðum, sem greini ítarlega frá launakjörum og öðru er lýtur að starfskjörum og dvöl í landinu, möguleikum á yfirfærslu

fjármuna, sköttum, opinberum gjöldum o. s. frv. Þá er sérstaklega tekið fram að í upplýsingunum skuli bent á og útskýrð þau ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1979, sem heimila atvinnurekendum á Íslandi að fella niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum, svo sem eins og hráefnisskortri í fiskvinnslu. Einnig skal gera grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga. Þykir full ástæða til þess að leggja þetta nýmæli til í frumvarpinu, bæði hvað snertir almennt upplýsingaskyldu til útlendinga og einnig til að draga fram þær sérreglur sem verulegu máli kunna að skipta varðandi forsendur ráðningarinnar, eins og 3. gr. laga nr. 19/1979 er, og hvernig aðilar vinnumarkaðarins hafa mætt henni með samningum um kauptryggingu verkafólks í fiskiðnaði. Vitneskja um þessi atriði hlýtur að hafa verulega þýðingu fyrir útlending sem á allajafna hvergi höfði sínu að halla hér á landi. Eins og áður segir undir 2. tl. 3. gr. skal það svo fastmælum bundið í ráðningarsamningi hvernig með skuli fara þegar og ef atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Að lokum er gert ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofan fylgist með starfskjörum útlendinga hérlendis eftir því sem tilefni gefast til.

Um 6. gr.

Grein þessi er nýmæli og þess efnis að nú er lagt til að bannaður verði allur áróður sem er til þess fallinn að hvetja til innflutnings á verkafólki ef sá áróður er blekkjandi eða byggir á röngum eða ónógum upplýsingum.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. núgildandi laga og er óbreytt.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt eins og 5. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að í 3. tl. 2. mgr. er orðalagsbreyting þannig að í stað orðalagsins „hvort hann er kvæntur íslenskri konu“ kemur „hvort hann á íslenskan maka.“

Í niðurlagi 8. gr. er þó lagt til það nýmæli að eftir fimm ára samfellda búsetu megi veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma. Eru hér sérstaklega höfð í huga þau tilvik þegar útlendingar hafa starfað hér árum saman án þess að sýna á sér fararsnið eða sækja um ríkisborgararétt í landinu. Ástæðulaust virðist vera eftir til dæmis fimm ára búsetu, eins og lagt er til í greininni, að leggja þá kvöð á slíka útlendinga að sækja árlega um atvinnuleyfi til félagsmálaráðuneytisins.

Um 9. gr.

Greinin er í öllum aðalatriðum óbreytt frá núgildandi lögum, með þeirri breytingu þó, að hér er lagt til að atvinnuleyfi skv. greininni megi ekki veita nema að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B. H. M., eftir því sem við á í hverju tilviki.

Um 10. gr.

Grein þessi er samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Fjórir fyrstu töluliðir greinarinnar samsvara 8. gr. gildandi laga. 5.—7. tl. eru nýmæli. Í 7. tl. eru sett ákvæði þess efnis að ekki þurfi að sækja um atvinnuleyfi fyrir danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara sem dvalið hafa hér á landi þrjú ár samfleytt eða lengur.

Um 12. gr.

Greinin er í öllum aðalatriðum sama efnis og 9. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir því að ráðherra hafi heimild til að stöðva þær framkvæmdir sem nota skyldi útlendinga til, þar til þeir

eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Í frumvarpinu eru ákvæði um lágmark og hámark sekta felld niður.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar eru sambærilegar 10. og 11. gr. núgildandi laga.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Sérálit Þorsteins Pálssonar.

3. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um er að ræða erlenda sérfræðinga eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafli, sem ekki er fánlegt innanlands.

Útlendingar skulu njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning.

Áður en atvinnuleyfi er gefið út skal leita eftir umsögn viðkomandi verkalýðsfélags eða landssambands, ef ekki er verkalýðsfélag á staðnum.

Sé útlendingur ráðinn erlendis getur ráðherra sett það skilyrði fyrir útgáfu atvinnuleyfis, að atvinnurekandi greiði ferð útlendings frá Íslandi að ráðningartíma loknum, svo og ef um er að ræða heimflutning vegna veikinda, sem gera útlendingi ókleift að vinna út ráðningartímabilið að mati læknis. Skilyrði þetta gildir eigi, ef útlendingur riftir ráðningarsamningi af ástæðum, sem atvinnurekandi á ekki sök á.

Ráðherra er ennfremur heimilt að binda atvinnuleyfi því skilyrði, að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fyrir liggur heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Fullnaðaratvinnuleyfi má eigi heldur veita nema fyrir liggi undirrituð yfirlýsing útlendings þess efnis að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem kveðið er á um í 5. gr. þessara laga. Heimilt er ráðherra að víkja frá skilyrðum þessarar mgr. þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi, sem ekki hefur dvalarleyfi hér á landi skv. l. 45/1965 um eftirlit með útlendingum eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

4. gr. orðist svo:

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu fylgja upplýsingar um tegund vinnu, aðila viðkomandi kjarasamnings og áætlaða lengd vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal ennfremur tilgreina hvers vegna nauðsynlegt er talið að ráða útlending til vinnu.

12. gr. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbandi þær framkvæmdir, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

Almennt um sérálitið:

Með þessu séráliti er fyrst og fremst stefnt að því að endurskoðun laganna leiði ekki til þess konar skriffinnsku, er annað hvort myndi hefta með óeðlilegum hætti möguleika á ráðningu útlendinga eða verða dauður lagabókstafur. Með því móti mundi endurskoðun laganna ekki ná tilgangi sínum. En það er tvímælalaust megingallinn á þeim frumvarpsdrögum, sem fyrir liggja, að þar er mælt fyrir um óraunhæfa skriffinnsku. Sérálitið miðar að því að gera framkvæmd leyfisveitinganna einfaldari í sniðum án þess að draga úr því öryggi útlendingum til handa, sem eðlilegt má telja að lögin veiti og beita má með lögum.

Um einstakar greinar sérálitsins.

Um 3. gr.

Fyrsta mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum og í samræmi við frumvarpsdrögin. Meginbreytingin frá frumvarpsdrögum er sú, að ekki er gert ráð fyrir að senda þurfi hvern ráðningarsamning til félagsmálaráðuneytisins. Fellt er niður ákvæði um tiltekið efnisinnihald ráðningarsamninga. Á hinn bóginn er kveðið á um að útlendingar skuli njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning, og er þá óþarfi að mæla fyrir um slíkt efnisinnihald í ráðningarsamningum. Jafnframt er kveðið á um rétt verkalýðsfélaga til umsagnar um atvinnuleyfi. Þá er ráðherra heimilt að binda atvinnuleyfi ákveðnum skilyrðum. Í fyrsta lagi, að atvinnurekandi greiði ferð útlendingis frá Íslandi að ráðningartíma loknum, enda hafi útlendingur ekki rift ráðningarsamningi af ástæðum, sem atvinnurekandi á ekki sök á. Í öðru lagi, að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur. Sérstök vottorð vegna húsnæðis eru óþörf. Í því efni á venjulegt eftirlit að duga ásamt með ofangreindu skilyrði. Um þessi atriði ætti því að vera óþarft að hafa frekari skriffinnskureglur.

Ráð er fyrir því gert að ráðherra geti eftir sem áður gefið út bráðabirgðaleyfi. Skilyrði fyrir fullnaðarleyfi eru hins vegar þau, að fyrir liggja heilbrigðisvottorð og yfirlýsing um að útlendingur hafi kynnt sér upplýsingar þær sem kveðið er á um í 5. gr. frv. Ráðherra er þó heimilt að víkja frá þessum skilyrðum þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda. Með þessu móti má koma í veg fyrir tvöfalda skriffinnsku vegna þeirra upplýsinga, sem mælt er fyrir um í 5. gr. frv.

Bætt er við ákvæði er girða á fyrir, að ráðherra veiti útlendingi atvinnuleyfi, ef hann hefur ekki dvalarleyfi skv. 1. 45/1965 um eftirlit með útlendingum eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum. Ákvæði þetta er sett til þess að koma í veg fyrir ósamræmi í ákvörðun ráðuneyta.

Um 4. gr.

Felld er út krafa sú, sem gerð er í 4. gr. frv., um lýsingu á vinnustað í atvinnuleyfisumsókn. Almennt eftirlit með atvinnurekstri á að vera nægjanlegt í því efni og óþarfi að tvöfalda eftirlitið vegna útlendinga. Þá er dregið úr þeim kröfum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. frv. enda ætti umsögn verkalýðsfélags að vera nægjanleg til þess að tryggja atvinnuhagsmuni Íslendinga. Sérstök athugun ráðuneytis um það efni yrði óþarfur tvíverknaður, nema tilefni gæfist. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlitskerfi af þessu tagi er 3. mgr. 4. gr. felld niður.

Um 12. gr. 2. mgr.

Hér er gert ráð fyrir eins og í gildandi lögum, að ráðherra geti stöðvað þær framkvæmdir með lögbanni, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Sú breyting er ein gerð að felld er niður ákvæði þess efnis, að ráðherra þurfi ekki að setja tryggingu fyrir slíku lögbanni, enda má sú skipan teljast óeðlileg. Ekki verður á það fallist, að ráðherra geti stöðvað framkvæmdir án dómsúrskurðar eins og gert er ráð fyrir í frv.